

Nd.

125. Lög

um uppkvaðningu dóma og úrskurða.

(Afgreidd frá Nd. 7. mars).

1. gr.

Kveða skal hinn reglulegi hjeraðsdómari upp dóma, bæði i einkamálum og opinberum málum, i skrifstofu sinni eða i þinghúsi heimilisþinghár sinnar, enda þótt utan þinghár sje, þar sem mál var flutt.

2. gr.

Nú skal setudómari kveða upp dóm i máli, sbr. 1. gr., og skal hann þá segja dóm upp i kaupstað þeim eða kaптúni, þar sem hann á heima, eða á heimili sinu, þótt það sje utan þinghár eða lögsagnarumdæmis, þar sem með málið var farið.

3. gr.

Ef kveða skal upp úrskurð i dómsmáli, sbr. 1. gr., þá skal svo með fara sem i 1. og 2. gr. segir.

4. gr.

Ávalt er dómara skylt að veita aðiljum vitneskju um uppsögn dóms eða úrskurðar, þegar er þess er kostur, ef uppkvaðning fer fram utan þinghár eða lögsagnarumdæmis, þar sem mál er eða var flutt eða dómsathöfn skyldi fram fara.

5. gr.

Nú á dómari samtímis öðrum störfum að gegna á þeim stað, er mál var eða er flutt eða dómsathöfn skyldi fram fara, eða hann á þar leið um, og ber honum þá að kveða þar upp dóm sinn eða úrskurð. Sama er og, ef aðili krefst þess, að þar verði dómur eða úrskurður upp kveðinn, en bera skal aðili þá allan þann kostnað, sem af kröfu hans leiðir, hver sem málsúrslit verða og hvort sem hann hefir haft gjafsókn eða gjafvörn, að einhverju leyti eða öllu, eða ekki.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1927.